

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Breiðdalshreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Breiðdalshrepps er heimilt að leggja á sorphirðugjöld skv. 7. og 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Breiðdalshreppi, nr. 127/2004 og samkvæmt 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

2. gr.

Árlegt sorphirðu- og förgunargjald vegna heimilisúrgangs frá íbúðum og fyrirtækjum skv. 4. og 5. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Breiðdalshreppi er sem hér segir:

Á hverja íbúð í þéttbýli og á lögbýli eða íbúðarhús utan þéttbýlis, enda sé einn eða fleiri einstaklingar skráðir þar til lögheimilis, sorphirðugjald kr. 7.500 og sorpförgunargjald kr. 6.500.

3. gr.

Á hvert fyrirtæki, sorpförgunargjald kr. 1.500 pr./m³.

4. gr.

Gjald fyrir sorphirðu og förgun samkvæmt 2. grein skal innheimta með fasteignagjöldum.

Gjald samkvæmt 3. grein er innheimt af sveitarfélaginu.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps 18. janúar 2005 og staðfest af Heilbrigðiseftirliti Austurlands 20. janúar 2005, er sett samkvæmt 11. gr. laga nr. 55/2003 og sbr. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og heimild í 7. og 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Breiðdalshreppi nr. 127/2004, til að öðlast gildi við birtingu. Gjaldskrá nr. 148/2004 fellur niður frá sama tíma.

Breiðdalshreppi, 21. janúar 2005.

Sigfríður Þorsteinsdóttir sveitarstjóri.